
Skýrsla um starfsemi
yfirkattanevndar
á árinu 2020

1. Hlutverk yfirskattanefndar

Yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, og öðrum lögum þar sem kveðið er á um verkefni og skyldur nefndarinnar.

Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnarsýslunnar í þeim málum sem í valdsvið hennar eru lögð. Ákvörðunum nefndarinnar verður því ekki skotið til fjármála- og efnahagsráðherra eða annars aðila innan stjórnarsýslunnar.

Í lögum um yfirskattanefnd er almennt mælt fyrir um að nefndin skuli úrskurða í kærumálum vegna ákvarðana ríkisskattstjóra, tollyfirvalda og annarra stjórnvalda um álagningu skatta og gjalda, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Í lögum er kveðið á um nokkur önnur verkefni yfirskattanefndar sem varða skattalöggjöf á ýmsan hátt. Á árinu 2020 komu til framkvæmda verkefni vegna úrræða stjórnvalda til að bregðast við heimsfaraldri kórónuveiru, þ.e. meðferð kærumála vegna ákvarðana ríkisskattstjóra (Skattsins) um lokunarstyrki og tekjufallsstyrki til rekstraraðila, en samkvæmt lögum um styrki þessa má skjóta ákvörðunum ríkisskattstjóra um þá til yfirskattanefndar.

Verkefni yfirskattanefndar á árinu 2020 má sundurliða sem hér segir:

- Kærumál vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og skattstofna, svo og vegna annarra ákvarðana ríkisskattstjóra, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Samkvæmt þessu má m.a. skjóta til nefndarinnar ákvörðunum (úrskurðum) ríkisskattstjóra um tekjuskatt (lög nr. 90/2003), útsvar (lög nr. 4/1995), tryggingagjald (lög nr. 113/1990), virðisaukaskatt (lög nr. 50/1988) og bifreiðaskatta (lög nr. 87/2004 og nr. 39/1988). Jafnframt úrskurðar yfirskattanefnd um kærur vegna bindandi álita sem ríkisskattstjóri lætur uppi samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum. Tiltekna sektarákvarðanir ársreikningaskrár og ákvarðanir ríkisskattstjóra um endurgreiðslur virðisaukaskatts eru einnig kærnanlegar til yfirskattanefndar, sem og ákvarðanir hans um lokunarstyrki (lög nr. 38/2020) og tekjufallsstyrki (lög nr. 118/2020).
- Kærumál vegna ágreinings innflytjenda og tollyfirvalda í tollamálum (tollalög nr. 88/2005), þar á meðal vegna ákvörðunar tollyfirvalda um gjaldskyldu, tollverð og tollflokkun. Einnig má kæra bindandi álit tollyfirvalda um tollflokkun vöru til yfirskattanefndar.
- Kærumál vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt (lög nr. 14/2004) og stimpilgjald (lög nr. 138/2013).
- Kærumál vegna ákvarðana um fjárhæð endurgreiðslna til kvikmyndaframleiðenda (lög nr. 43/1999) og bókaútgefenda (lög nr. 130/2018).
- Afgreiðsla mála sem skattrannsóknarstjóri ríkisins vísar til nefndarinnar með kröfu um ákvörðun sekta vegna meintra brota á skattalögum og/eða lögum um bókhald og ársreikninga. Yfirskattanefnd ákveður með úrskurði hvort gjaldanda sé gert að sæta sekt eða kröfu skattrannsóknarstjóra synjað.

2. Tölulegar upplýsingar

2.1. Kærur og önnur mál til yfirskattanefndar árið 2020

Í ársbyrjun 2020 voru 56 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd, en þar af lágu málgögn og eftir atvikum umsögn viðkomandi stjórnvalds fyrir í 35 málum sem voru þannig tilbúin til meðferðar.

Á árinu 2020 bárust yfirskattanefnd 206 mál til meðferðar. Þar af voru 165 kærur vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og gjöld, 13 kærur vegna tollamála, níu kærur vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt eða stimpilgjald og ein kæra vegna ákvörðunar nefndar um stuðning við útgáfu bóka á íslensku, þ.e. alls 188 kærur. Mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins til ákvörðunar um skattsekt voru 18 talsins.

Fjöldi nýrra mála til yfirskattanefndar á árinu 2020 var svipaður og á undanförunum árum. Þetta kemur nánar fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 1. Ný mál á árunum 2015–2020.

	2015	2016	2017	2018	2019	Meðaltal 2015-2019	2020
Skattamál	205	181	131	161	145		165
Tollamál	19	11	5	16	13		13
SRS	20	37	37	30	26		18
Sýslum.o.fl.	7	20	15	2	8		10
Samtals	251	249	188	209	192	218	206

2.2. Afgreidd mál árið 2020

Á árinu 2020 kvað yfirskattanefnd upp 191 úrskurð. Þá lauk fimm málum með öðrum hætti, oftast þannig að kærandi afturkallaði kæru sína. Samtals voru því afgreidd 196 mál á árinu. Samanburður við afgreidd mál á fimm síðustu árum kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 2. Afgreidd mál á árunum 2015–2020.

	2015	2016	2017	2018	2019	Meðaltal 2015-2019	2020
Úrskurðir							
– kærur	313	243	177	162	167		169
– sektarmál	46	32	25	40	34		22
Annað	9	5	6	4	11		5
Samtals	368	280	208	206	212	255	196

Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir afgreiðslu mála árið 2020. Kemur þar fram móttökuár þeirra mála sem afgreidd voru á árinu.

Tafla 3. Afgreidd mál á árinu 2020.

Komuár	Mál til meðferðar 1.1.2020	Ný mál á árinu	Úrskurðir	Önnur málalok	Samtals afgreidd mál	Ólokið 31.12. 2020
2019	56		56		56	
2020		206	135	5	140	66
Samtals	56	206	191	5	196	66

Eins og taflan ber með sér var á árinu 2020 lokið við öll mál sem voru til meðferðar frá fyrra ári. Þá voru tæplega 70% mála sem bárust á árinu 2020 afgreidd á sama ári.

2.3. Niðurstöður mála

Í töflu 4 er að finna skiptingu úrskurða, annars vegar úrskurða í kærumálum og hins vegar úrskurða um skattsektir, eftir niðurstöðu máls. Úrskurðir í kærumálum eru felldir í flokka eftir því hvort úrskurður leiddi til lækkunar gjalda eða ekki. Í fyrri flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem krafa kæranda er tekin til greina að hluta eða öllu leyti eða ákvörðun stjórnvalds er felld úr gildi. Í síðari flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem hin kærða ákvörðun stendur óhöggðu sökum þess að kröfu kæranda er hafnað að öllu leyti eða ef máli er vísað frá yfirskattanefnd. Sundurliðun úrskurða um skattsektir er hliðstæð, þ.e. hvort sekt var ákvörðuð eða ekki. Í síðari flokkinn falla m.a. sektarmál sem vísað var frá nefndinni af ýmsum ástæðum. Til samanburðar eru tölur tveggja fyrri ára.

Tafla 4. Niðurstöður úrskurða árin 2018, 2019 og 2020.

Ár	Kærumál			Skattsektarmál		
	Fjöldi úrskurða	Lækkun gjalda	Önnur niðurstæða	Fjöldi úrskurða	Sekt	Ekki sekt
Árið 2018	162	52 (32%)	110 (68%)	40	36	4
Árið 2019	167	61 (37%)	106 (63%)	34	31	3
Árið 2020	169	73 (43%)	96 (57%)	22	14	8

Í töflu hér að neðan er að finna nánari greiningu úrskurða í kærumálum á árinu 2020, alls 169 úrskurða, með tilliti til niðurstöðu þeirra. Liðurinn „Fallist á kröfu að öllu leyti“ tekur m.a. til þess þegar hin kærða ákvörðun er felld úr gildi vegna annmarka á meðferð máls, einnig þegar það leiðir til þess að kæru er vísað til meðferðar stjórnvalds að nýju. Liðurinn „Máli vísað til meðferðar að nýju“ á aðallega við um tilvik þegar kærufni hefur ekki verið lagt fyrir stjórnvald eða mál af annarri ástæðu ekki fengið fullnægjandi meðferð hjá stjórnvaldinu.

Tafla 5. Niðurstöður úrskurða í kærumálum árið 2020.

Stjórnvald	Fallist á kröfu að öllu leyti	Fallist á kröfu að hluta	Máli vísað til meðferðar að nýju	Kæru hafnað eða vísað frá
Ríkisskattstjóri	46	20	11	73
Tollgæslustjóri	4	1		8
Sýslumenn	1	1	1	3
Samtals	51	22	12	84

2.4. Gjaldabreytingar yfirskattanefndar

Samkvæmt lögum um yfirskattanefnd er meginregla að viðkomandi stjórnvald (ríkisskattstjóri, sýslumaður o.s.frv.) skal framkvæma gjaldabreytingar sem stafa af úrskurði yfirskattanefndar. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að yfirskattanefnd framkvæmi gjaldabreytingar er varða ákveðna skatta og/eða gjöld. Hefur sú heimild verið nýtt hvað snertir (a) tekjuskatt og önnur gjöld til ríkissjóðs sem ríkisskattstjóri leggur á einstaklinga eða lögaðila samhliða tekjuskatti, (b) útsvar og (c) virðisaukaskatt vegna viðskipta innanlands.

Í töflu 6 er að finna yfirlit um gjaldabreytingar sem leitt hafa af úrskurðum yfirskattanefndar á árinu 2020 og nefndin hefur tilkynnt til innheimtumanns. Breytingar á yfirfæranlegu tapi eru ekki taldar til gjaldabreytinga í þessu sambandi. Jafnframt kemur fram í töflunni fjárhæð ákvarðaðra skattsekta á árinu svo og fjárhæð málskostnaðar sem úrskurðaður hefur verið til greiðslu úr ríkissjóði. Til samanburðar eru fjárhæðir fyrir árið 2019.

Til viðbótar gjaldabreytingum samkvæmt þessu yfirliti koma breytingar á aðflutningsgjöldum og öðrum sköttum eða gjöldum sem stjórnvöld framkvæma vegna úrskurða yfirskattanefndar.

Tafla 6. Yfirlit um tilkynntar gjaldabreytingar, skattsektir og málskostnað samkvæmt úrskurðum yfirskattanefndar árið 2020.


	Árið 2020	Árið 2019
Tekjuskattur og önnur gjöld til ríkissjóðs sem lögð eru á samhliða álagningu tekjuskatts, þ.m.t. hækkun frádráttarliða (barnabætur, vaxtabætur, skattafsláttur v/próunarkostnaðar o.fl.)	-130.072.072	-76.151.153
Útsvar	-32.451.031	-34.373.410
Virðisaukaskattur	0	0
Alls lækkun gjalda	-162.523.103	-110.524.563
Skattsektir (mál frá SRS)	152.300.000	305.800.000
Málskostnaður úr ríkissjóði	2.962.900	1.040.000

2.5. Mál til meðferðar í árslok 2020

Í árslok 2020 voru 66 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd. Þar af voru níu mál til umsagnar hjá ríkisskattstjóra eða öðru stjórnvaldi eða höfðu ekki verið send til umsagnar í árslok. Þannig voru 57 mál tilbúin til meðferðar fyrir nefndinni. Ekkert þeirra mála var komið fram yfir úrskurðarfrest nefndarinnar.

Á mynd 1 er að finna yfirlit um mál sem til meðferðar voru í árslok 2014–2020, sundurliðað eftir því hversu lengi mál hafði beðið afgreiðslu.


Mynd 1. Mál til meðferðar í árslok 2014–2020, sundurliðað eftir aldri.



2.6. Málsmeðferðartími

Hámarksfrestur yfirskattanefndar til að úrskurða í málum er u.þ.b. 7,5 mánuðir eða um 225 dagar. Á mynd 2 er gerð grein fyrir þróun málsmeðferðartíma á árunum 2014–2020, talið í dögum frá móttöku máls þar til úrskurður var sendur málsaðila. Málsmeðferðartími var að meðaltali 132 dagar á árinu 2020. Lengst var mál 338 daga til meðferðar en skemmst 14 daga.

Mynd 2. Málsmeðferðartími (dagar) árin 2014–2020.



2.7. Samstarf við aðrar úrskurðarnefndir

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (UUA) flutti aðsetur sitt í húsnæði yfirskattanefndar í Borgartúni 21 um miðjan maí 2020. Sökum alheimsfaraldurs kórónuveiru var það nokkru síðar á árinu en ráðgert hafði verið. Samkvæmt samningi nefndanna hafa þær hvor um sig einkaafnot af tilteknu skrifstofurými, svo og er netkerfi og allur tölvubúnaður aðskilinn. Að öðru leyti er aðstaða nefndanna sameiginleg, þar á meðal afgreiðsla, fundaherbergi og kaffistofa. Að mati yfirskattanefndar hefur þetta samstarf reynst vel.

Í ársbyrjun 2020 tók yfirskattanefnd að sér skrifstofuhald fyrir kærufnd útboðsmála (KNU). Það felst m.a. í þessu verkefni að taka við kærum og öðrum gögnum til nefndarinnar, skrá þau og miðla til viðkomandi varnar- og hagsmunaaðila, annast samskipti við nefndarmenn, svo og að sjá um birtingu ákvarðana og úrskurða, þar á meðal á vefsvæði til opinberrar birtingar. Á árinu 2020 bárust 55 mál til meðferðar hjá KNU sem var umtalsverð aukning frá fyrra ári. Öll umsýsla vegna KNU varð því umfangsmeiri og krafðist meira vinnuframlags en ráð var fyrir gert. Af hálfu KNU hefur ekki annað komið fram en að vel hafi tekist til með þetta verkefni.

2.8. Birting úrskurða

Úrskurðir yfirskattanefndar, sem teljast hafa almenna þýðingu, eru birtir á vef nefndarinnar. Úrskurðir ársins 2020, sem hér falla undir, voru allir birtir innan 30 daga frá því að þeir voru kveðnir upp, svo sem að er stefnt eftir þeim markmiðum sem nefndin hefur sett sér.

2.9. Ráðstafanir vegna kórónuveiru

Þegar sýnt þótti á fyrstu mánuðum árs 2020 um heimsfaraldur kórónuveiru hóf yfirskattanefnd undirbúning nauðsynlegra ráðstafana. Almenn var lögð áhersla á að fara eftir leiðbeiningum sóttvarnaryfirvalda hverju sinni. Gerðar voru ráðstafanir til að starfsmenn gætu sinnt vinnu utan starfsstöðvar nefndarinnar í ríkara mæli en tíðkast hefur. Þegar til kastanna kom reyndi ekki verulega á þann möguleika. Eftir að heilbrigðisráðherra tilkynnti 22. mars um herðingu sóttvarnarráðstafana, þar sem samkomutakmörk voru sett við 20 manns, var ákveðið að takmarka aðgengi fólks að skrifstofu yfirskattanefndar. Þessi ráðstöfun stóð fram í byrjun maí. Sams konar takmörk voru við líði á tímabilinu 8. október til 2. desember.

3. Nefndarmenn og starfsmenn

Í yfirskattanefnd skulu eiga sæti sex menn, þar af fjórir sem hafa starfið að aðalstarfi. Nefndarmenn eru skipaðir til starfa til sex ára í senn.

Ekki urðu breytingar á skipan yfirskattanefndar á árinu 2020. Ekki var skipað í sæti annars þeirra manna sem hafa skulu starf í nefndinni að hlutastarfi.

Nefndarmenn, sem höfðu starfið að aðalstarfi á árinu 2020, voru:

- Anna Dóra Helgadóttir, lögfræðingur.
- Ólafur Ólafsson, lögfræðingur, formaður.
- Sverrir Örn Björnsson, lögfræðingur, varaformaður.
- Þórarinn Egill Þórarinsson, lögfræðingur.

Nefndarmaður í hlutastarfi á árinu 2020 var:

- Bjarnveig Eiríksdóttir, lögmaður.

Júlíus Smári, lögfræðingur, gegndi starfi skrifstofustjóra yfirskattanefndar. Auk hans og þeirra nefndarmanna, er hafa starfið að aðalstarfi, voru meginhluta ársins 2020 fjórir starfsmenn hjá yfirskattanefnd. Ársverk voru 8,6 en voru 9,5 á fyrra ári.

4. Útdráttur úr ársreikningi fyrir árið 2020

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	2020	2019
Tekjur		
Tekjufærsla fjárveitinga	167.700.000	175.700.000
Framlög og ýmsar tekjur	11.813.902	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	1.108.339	1.117.225
Tekjur samtals	<u>180.622.241</u>	<u>176.817.225</u>
Gjöld		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður ...	140.317.861	129.006.547
Annar rekstrarkostnaður	40.544.326	35.840.065
Afskriftir	1.108.339	1.117.225
Gjöld samtals	<u>181.970.526</u>	<u>165.963.827</u>
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði	(1.348.285)	10.853.388
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	<u>(621)</u>	<u>(4.929)</u>
Afkoma ársins	<u>(1.348.906)</u>	<u>10.848.459</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	31.12.2020	31.12.2019
Eignir		
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður	3.828.461	3.359.238
Fastafjármunir samtals	<u>3.828.461</u>	<u>3.915.417</u>
Veltufjármunir		
Tengdir aðilar	40.703.538	52.156.915
Handbært fé	15.826	15.829
Veltufjármunir samtals	<u>40.719.364</u>	<u>52.172.752</u>
Eignir samtals	<u>44.547.825</u>	<u>55.531.990</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Hrein eign	21.123.008	37.335.421
Eigið fé samtals	<u>21.123.008</u>	<u>37.335.421</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	2.394.159	797.606
Ýmsar skammtímaskuldir.....	17.049.144	13.609.110
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	3.981.514	3.789.853
Skuldir samtals	<u>23.424.817</u>	<u>18.196.569</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>44.547.825</u>	<u>55.531.990</u>